



# Tilkynning

## ÍM-50 2016

Ágætu félagar

Íslandsmeistaramótið í 50m laug verður haldið í Laugardalslaug helgina 22. – 24. apríl nk.

Mótið er síðasti möguleiki sundmanna til að ná lágörkum á EM 50 í London í maí.

Skráningarfrestur rennur út miðvikudaginn 13. apríl og verða fyrstu drög að keppendalista send til félaga mánudaginn 18. apríl. Við minnum á að skila „Proof of Time“ skjali samhliða skráningum. Öðruvísi verða skráningar ekki teknar gildar.

Þjálfarar fá þá senda keppendalista, hver fyrir sitt félag og hafa eftir það 1 sólarhring til að gera leiðréttingar vegna augljósra mistaka í skráningum.

Mótið verður keyrt á Splash. Þeir sem ekki hafa yfir að ráða Splash forriti skulu skila skráningum á tölvutæku formi í síðasta lagi mánudaginn 11. apríl.

Athugið að boðið verður upp á „time trials“ á mótinu en reglur um það er að sjá hér að neðan.

**Við biðjum þjálfara og formenn að virða þessar dagsetningar og kynna sér vel reglur varðandi skráningar á sundmót SSÍ.**

Skráningar og fyrirspurnir sendast með rafrænum hætti á [emil@iceswim.is](mailto:emil@iceswim.is) . Félög skulu skila inn lista yfir þjálfara og liðstjóra samhliða skráningum sundmanna.

Skráningar starfsmanna sendast á Dómara-, móta- og tækninefndina á [skraningarssimot@gmail.com](mailto:skraningarssimot@gmail.com)

Nánari upplýsingar, reglugerðir, lágörk og annað verður að finna á ÍM50 síðunni á heimasíðu SSÍ þegar nær dregur:

<http://www.sundsamband.is/sundithrottir/sundmot/im-50/>

# Time-Trials á ÍM50 2016

Vegna sérstakra aðstæðna sem skapast hafa vegna dagsetningar ÍM50 í ár ákvað stjórn SSÍ að samþykkja erindi þjálfara um að hafa time trial fyrir einstaklinga sem ekki komast til að synda samkvæmt hefðbundinni dagskrá mótsins. Skv. þessum skilyrðum:

1. Time trials verða að loknum undanrásum föstudags, laugardags og sunnudags.
2. Sundmaður getur ekki synt bæði time trial og sömu grein í riðlum mótsins.
3. Tími sem næst í time trials verður löglegur innan mótsins en mun ekki gilda til stiga né skráður í úrslitalista mótsins og getur einstaklingur þ.a.l. ekki unnið til verðlauna í greininni.
  - a. Ekki er hægt að komast í úrslit í greininni þó að time trial sundið fari fram degi áður.
4. Til þess að umsókn um time trial sé lögleg verður að koma fram gild útskýring á því afhverju sundmaður missi af hefðbundna sundinu.
  - a. Að þessu sinni er einungis hægt að sækja um time trial sé einstaklingur í prófi þegar hefðbundið sund fer fram.
  - b. Sundmaður verður að hafa fyrir stafni að ná lágmarki/viðmiði í eitthvert verkefni á tímabilinu.
5. Í umsókn um time trial verður að koma fram hvaða dag einstaklingur gæti synt sundið í staðinn.
6. Óskir um time trial sund verður að berast með skráningum í hefðbundin sund ÍM50 sem ber að skila eigi síðar en 13. Apríl.
  - a. Séu aðstæður þannig að óvissa sé með möguleika sundmanns á þátttöku í grein á ÍM50 en vilji og gild ástæða sé til þess að viðkomandi megi synda time trial skal sundmaður skráður í hefðbundna grein innan mótsins en ósk um time trial einnig send með til mótastjóra.
  - b. Mótastjóri skal látinn vita hvort sundmaður komist í hefðbundna grein eður ei áður en keppendalisti verður gefinn út þriðjudaginn 19. Apríl.

## ENGLISH

Due to unexpected and special situations regarding the dates of IM50 this year, the Board of SSÍ has allowed time trials to be performed for those not available to swim according to regular meet schedule, with these conditions:

1. Time trials will be after prelim sessions on Friday, Saturday and Sunday.
2. Swimmer can not swim time trials and the same event in prelims.
3. Time aquired in time trials will be legal but will not be eligible to qualify for Finals, points or medals.
4. For the time trial application to be legal coaches will have to provide solid and serious reasons for their absense from scheduled events.
  - a. Only those attending exams at school this weekend can apply for time trials.
  - b. Those applying will also have to have a goal to reach with their swim, e.g. a standard for any meet this season.

5. *In time trial application coaches have to list the dates the swimmer will be able to swim the trial*
6. *Applications have to be sent along with regular ÍM50 entries which are due no later than 13. April.*
  - a. *If swimmer does not know whether or not he will be needing a time trial for any reason, he must be entered in the regular ÍM50 event but an application for time trial must also follow.*
  - b. *Meet Organizer shall be notified whether the time trial will be needed or not, before the final entry lists are published, Tuesday 19. April.*

Með sundkveðju,  
Emil Örn Harðarson  
Mótastjóri SSÍ  
659-1300